

62. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 30. janúar 2017 kl. 14:30 – 16:00
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfssdóttir, Ársæll Guðmundsson. Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Fjarveru boðuðu: Kristín Þóra Harðardóttir, Svanhildur Þverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1a) og 60. fundar (fylgiskjal 1b)**
Báðar fundargerðir samþykktar.
2. **Greiðslur vegna ferðakostnaðar í tengslum við náms- og starfsráðgjöf – minnisblað (fylgiskjal 2)**
Lagt til að Fræðslusjóður greiði sérstaklega ferða- og gistikostnað náms- og starfsráðgjafa vegna eins ráðgjafafundar á árinu 2017. Ákvörðunin verði endurskoðuð fyrir árið 2018.
Afgreiðsla: Tillagan samþykkt og sett inn í minnisblað sem sent verður á samstarfsaðila.
3. **Tilnefningar í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja (þróunarhluti Fræðslusjóðs)**
Afgreiðsla: Gerð er tillaga um Eyrúnu (ASÍ). Formaður kalli eftir tilnefningum frá stjórnarmönnum. Tillögur liggi fyrir eigi síðar en á næsta fundi.
4. **Reglubundin endurskoðun gát- og skimunarlista – minnisblað (fylgiskjal 3)**
Í minnisblaðinu er velt upp þeim möguleika að sjóðurinn leggi til hliðar fasta upphæð á ári til endurskoðunar gátlista, sem hægt væri að nýta til að mæta þörf þegar hennar er þörf, en ekki bara við úthlutun úr sjóðnum í upphafi árs. Sjá nánar í minnisblaði.
Afgreiðsla: Tillagan er samþykkt. Verði kynnt á samráðsfundi fræðsluaðila í feb. nk. og með minnisblaði áður en framkvæmd hefst.
5. **Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu – staða mála**
Skv. formanni hefur vinnan hjá MRN legið niðri að undanfögnu. Fulltrúi MRN í stjórn var fjarverandi á fundinum, en formaður hefur óskað eftir hún upplýsi um stöðuna á næsta fundi.
6. **Önnur mál**
 - a. **Úttekt á náms- og starfsráðgjöf – staðan**
Skv. upplýsingum frá MRN þá liggur fyrir að ráðuneytið ætlar í úttekt á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og mun það sjálft standa undir kostnaði við hana. Starfsmenn FA muna senda minnispunkta á MRN varðandi úttektina.
 - b. **Tillaga að dagsetningu samráðsfundar sjóðsins með fræðsluaðilum.**

AC
1(2)
JFE
G.H.

Hugmyndir að dagskrá: Svanhildur segi frá endurskoðun laganna og úttekt á náms- og starfsráðgjöf. Farið verði yfir forsendur breytinga sem stjórn gerði á verðlagningu að undanfögnu. Viðbúið að gæðamál og EQM komi til umræðu og verða starfsmenn FA tilbúnir til að ræða þau mál ef þarf.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda fundinn 16. febrúar kl. 14-16. Óskað verður eftir að MRN hýsi fundinn, en verði það ekki hægt bauð fulltrúi SA að mögulegt væri að halda fundinn hjá þeim. Sveinn sendi út fundarboð sem fyrst þó staðsetning liggja ekki fyrir.

- c. Tillaga um vinnuhóp um fjármögnun raunfærimats á móti viðmiðum atvinnulífsins Rætt um hugmyndir um stofnun vinnuhóps en engin ákvörðun tekin.
- d. Formaður óskað eftir að bráðabirgðauppgjör verði lagt fram á næsta fundi.
- e. Sólveig upplýsti að hún er að hefja störf hjá SA og mun því víkja úr stjórn sjóðsins. Var þetta síðasti fundur hennar. Sólveigu voru þökkuð störf í þágu sjóðsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Svanhildur Þorgeirsdóttir
Guðmundur Kolbeinsson
Guðmundur Þorgeirsson
Þórunn
Eiríkur Hilmarsson
Hallgrímur